

Greinargerð með fyrirspurn íbúaráðs Kjalarness sem lögð var fram á fundi ráðsins þann 13. febrúar sbr. 9. lið fundargerðar s.d.

Spurningar til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur varðandi skotæfingasvæðin á Álfsnesi

Í fyrstu grein starfsleyfisskilyrða skotsvæðanna er talað um endurskoðun starfsleyfa ef mengun er meiri en búast má við af starfseminni.

Hefur þessi endurskoðun starfsleyfa farið fram í ljósi nýrra upplýsinga?

Í annarri grein en talað um að leggja yfirborðsefni til að binda þungmálma og samráð við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur um val efnis.

Hefur þetta samráð farið fram og er það til skjalfest?

Einnig er þess getið að mæla hversu djúpt þungmálmar hafa borist og yfirborðsefni hreinsað áður en þungmálmamengun berst niður úr því.

Hafa farið fram mælingar á þungmálmum og PAH á skotæfingasvæðunum, og eru þessar upplýsingar aðgengilegar?

Hefur yfirborðsefni verið hreinsað og eru til staðfestingar á því?

Hafa farið fram athuganir á blýmengun í fjöru og sjó í nágrenni við skotæfingasvæðin og magn verið metið?

Í grein 2.2 er talað um að takmarka útbreiðslu hávaða annarsvegar og hinsvegar að HER mun leita leiða til að meta hávaða eftir bestu fánlegu tækni.

Hafa þessar mælingar farið fram, eru upplýsingar um þær aðgengilegar ásamt lýsingu á staðsetningu og aðferðarfræðinni við að mæla hávaðamengun?

Hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fengið einhverjar vísbindingar um að hávaðamengun hafi valdið ónæði?

Í 4 grein er talað um skráningu æfingatíma, áætlað magn blýs sem fellur á æfingavöllinn og fjölda og tegund leirdúfa.

Eru þessar skráningar til hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur fyri bæði svæðin?

Starfsleyfi SR rennur út 11 mars næstkomandi, sér Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur eitthvað því til fyrirstöðu að gefið verði út starfsleyfi til næstu 12 ára.



Greinargerð með fyrirspurn íbúaráðs Kjalarness sem lögð var fram á fundi ráðsins þann 13. febrúar sbr. 9. lið fundargerðar s.d.

Spurningar til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur varðandi skotæfingasvæðin á Álfsnesi

Í fyrstu grein starfsleyfisskilyrða skotsvæðanna er talað um endurskoðun starfsleyfa ef mengun er meiri en búast má við af starfseminni.

Hefur þessi endurskoðun starfsleyfa farið fram í ljósi nýrra upplýsinga?

Svar: Ekki er ljóst í hvaða nýju upplýsingar er verið að vísa í fyrirspurninni en væntanlega er verið að vísa í skýrslu íbúa sem lögð var fyrir fund íbúaráðsins á fundi þess í desember 2019. Starfsleyfi og starfsleyfisskilyrði hafa ekki verið endurskoðuð í ljósi upplýsinga í skýrslunni. Starfsleyfi og starfsleyfisskilyrði fyrir starfsemi Skotfélags Reykjavíkur hefur verið óbreytt frá útgáfu leyfisins. Gerð var breyting á starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi Skotveiðifélagsins árið 2015 og var sú breyting unnin í samræmi við þágildandi rg. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, m.a. hvað varðar auglýsingu á tillögu að breytingunni. Starfsleyfi fyrir starfsemi á skotvöllum renna nú í ár 2020 og á næsta ári 2021. Starfsleyfisskilyrði eru endurskoðuð í umsóknarferli vegna umsókna um endurnýjun leyfanna.

Í annarri grein en talað um að leggja yfirborðsefni til að binda þungmálma og samráð við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur um val efnis.

Hefur þetta samráð farið fram og er það til skjalfest?

Svar: Yfirborðsefni var ekki sérstaklega valið með tilliti til þess að binda þungmálama. Miðað var við að endurnýja yfirborðsefni, væri ástæða talin til, og farga því efni sem tekið yrði sem spilliefni. Samráð fór fram varðandi það og það er til skjalfest.

Einnig er þess getið að mæla hversu djúpt þungmálmar hafa borist og yfirborðsefni hreinsað áður en þungmálmamengun berst niður úr því.

Hafa farið fram mælingar á þungmálum og PAH á skotæfingasvæðunum, og eru þessar upplýsingar aðgengilegar?

Svar: Mælingar hafa ekki farið fram. Þess ber að geta að í íslenskum lögum og reglugerðum er ekki að finna viðmið fyrir styrk efna í jarðvegi með tilliti til mengunar. Því er ekki ljóst hvernig túlka ætti eða nýta niðurstöður slíkra mælinga.

Hefur yfirborðsefni verið hreinsað og eru til staðfestingar á því?

Svar: Nei, það hefur ekki verið gert svo Heilbrigðiseftirlitið viti til.

Hafa farið fram athuganir á blýmengun í fjöru og sjó í nágrenni við skotæfingasvæðin og magn verið metið?

Svar: Nei, það hefur ekki verið gert.

Í grein 2.2 er talað um að takmarka útbreiðslu hávaða annarsvegar og hinsvegar að HER mun leita leiða til að meta hávaða eftir bestu fánlegu tækni.



Hafa þessar mælingar farið fram, eru upplýsingar um þær aðgengilegar ásamt lýsingu á staðsetningu og aðferðarfræðinni við að mæla hávaðamengun?

Svar: Hávaðamælingar fóru fram við undirbúning útgáfu starfsleyfa og skömmu eftir útgáfu starfsleyfa fyrir skotvellinga. Eftirlitsskýrslur voru gerðar í kjölfar mælinganna þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður. Skýrslurnar eru opinber gögn og hægt að fá afrit af þeim. Beiðni um skýrslur skal senda á netfangið heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is.

Hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fengið einhverjar vísbendingar um að hávaðamengun hafi valdið ónæði?

Svar: Heilbrigðiseftirlitinu hafa borist kvartanir frá opnun skotvallanna um ónæði vegna starfsemi á skotvöllum. Niðurstöður hávaðamælinga sem HER hefur framkvæmt hafa einnig gefið þær niðurstöður að ónæði geti stafað af starfsemi.

Í 4 grein er talað um skráningu æfingatíma, áætlað magn blýs sem fellur á æfingavöllinn og fjölda og tegund leirdúfa.

Eru þessar skráningar til hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur fyrri bæði svæðin?

Svar: Skýrslur hafa borist frá skotfélögunum fyrir flest ár en eitthvað vantar upp á skil. Við skoðun er ljóst að ekki eru fullnægjandi upplýsingar í öllum skýrslum.

Starfsleyfi SR rennur út 11 mars næstkomandi, sér Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur eitthvað því til fyrirstöðu að gefið verði út starfleyfi til næstu 12 ára.

Svar: HER vill benda á að staðsetning skotvalla er skipulagsmál. HER leitar umsagnar skipulagsfulltrúa um það hvort starfsemi samræmist skipulagi og einungis að fenginni jákvæðri umsögn embættist skipulagsfulltrúa getur HER gefið út nýtt starfsleyfi.

Umsókn um endurnýjun starfsleyfis hefur borist HER og er hún í vinnslu hjá HER. HER mun leita umsóknar skipulagsfulltrúa vegna umsóknarinnar sem fyrr segir. Þess má geta að í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimild til útgefanda starfsleyfis til að framlengja gildistíma starfsleyfi á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki í eitt ár, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda. HER telur koma til greina að nýta þessa heimild hvað varðar starfsleyfi SR og að tíminn verði nýttur til rannsókna á mengun frá starfsemi. Niðurstöðurnar yrðu nýttar við endurskoðun starfsleyfis.



Umsögn HER um erindi íbúa sem lagt var fram á fundi íbúaráðs Kjalarness þann 12.12.2019. Umhverfis og heilbrigðisráð vísaði erindinu til umsagnar Heilbrigðiseftirlits á 34. fundi þann 19.2.2020. Um leið var Heilbrigðiseftirlitinu falið að skoða með hvaða hætti best er að rannsaka skotsvæðið með tilliti til mögulegrar mengunar sem hlýst af starfseminni.

Umsögn HER.

Umhverfis og skipulagssviði barst í desember skýrsla frá íbúa á Kjalarnesi sem „Varðar mengun frá skotsvæðum á Álfsnesi“. Skýrslan barst til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) frá sviðinu í janúar 2020. HER telur ekki sé margt nýtt eða gagnlegt að finna í skýrslunni. Í henni eru settar fram stórar fullyrðingar en gögn til að styðja við þær eru illa fram sett, illa rökstudd, vantar að hluta eða að skýringar vantar á aðferðafræði og vinnu.

Varðandi hljóðmengun og mælingar frá fyrirtækinu Trivium þá fylgir upprunaleg skýrsla Trivium ekki með og því ekki hægt að skoða aðferðafræði, framkvæmd mælinga eða þau sænsku mörk sem vísað er í. Engar sérstök við mið er að finna í íslenskum lögum eða reglugerðum fyrri hávaða frá skotvöllum. Í mælingum Trivium er miðað við sænsk viðmið fyrir skotsvæði með tilvísun í rlg. nr. 724/2008.

Tilvitnunin „ef upp komi tilvik sem þessar reglur ná ekki yfir skuli velja viðurkenndar hávaðareglur sem stuðs er við í slíkum tilvikum á hinum Norðurlöndunum.“ er röng. Tilvísunina er ekki að finna í gildandi reglugerð um hávaða nr. 724/2008 heldur er hún í brottfallinni reglugerð (nr. 933/1999).

Varðandi mengun af völdum blýs þá eru engar skýringar á aðferðafræði við sýnatöku (sagt er að það ferli hafi allt verið myndað en tengill á myndbandið virkar ekki), tilvísun í niðurstöður á mælingum virðast vera teknar úr tölvupósti en ekki skýrslu um mælingarnar, engar skýringar eru á töflum með niðurstöðum og hluti af tilvitnuðum niðurstöðum finnast ekki í skýrslunni. Rétt er að taka fram að notkun blýhagla er ekki bönnuð hvorki í lögum eða reglugerðum hér á landi né í starfsleyfisskilyrðum fyrir skotvöllina – þá er ekki að finna viðmið fyrir styrk blýs til að meta mengun í jarðvegi í lögum eða reglugerðum hér.

Fullyrðingar um mikilvægi Kollafjarðar fyrir fuglalíf, m.a. fyrir tegundir á válista, eru engum rökum studdar, ekki er vísað í neinar rannsóknir eða athuganir né er vitnað í hvaða tegundir á válista gæti verið um að ræða.

Þá eru í skýrslunni ávirðingar um að fyrrum sviðstjóri hjá Umhverfisstofnun hafi haft og hafi jafnvel enn óeðlileg áhrif hjá Heilbrigðiseftirlitinu. Hið rétt er að viðkomandi hefur aldrei, hvorki fyrr né síðar, rætt málefni skotvallana við starfsmenn HER.

Loks eru ávirðingar á hendur starfsmönnum HER sem ekki eru svaraverðar.

Þrátt fyrir ágalla á skýrslunni telur HER að hún veki upp réttmætar spurningar um mögulega mengun af völdum blýs og ónæði af völdum hávaða. HER telur að það þurfi að rannsaka betur áður en umsóknir um endurnýjun starfsleyfa fyrir skotfélögin verða tekin til afgreiðslu. Lagt er til að það verði gert sumarið 2020. Þar sem nú er komin umsókn um endurnýjun starfsleyfis SR er lagt til að nýtt verði heimild sem er að finna í gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir um að útgefanda starfsleyfis sé heimilt að framlengja gildistíma starfsleyfis á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn um nýtt starfsleyfi borist útgefanda.

Tillaga HER að rannsóknum:

HER telur að mengun af völdum starfsemi skotvallana sé einkum tvenns konar, þ.e. hávaðamengun og mengun af völdum blýs úr höglum. Starfsmenn HER munu sjálfir endurtaka og framkvæma nýjar hljóðmælingar eftir áætlun sem unnin verður á næstu vikum. HER leggur til að fenginn verði til þess bær aðili að gera tillögu um og framkvæma rannsókn á blýmengun á og við skotvöllina. Áætlun um rannsóknina ásamt kostnaðaráætlun verði lögð fyrir fund Umhverfis- og heilbrigðisráðs þegar hún liggur fyrir.